

Fundargerð 6. fundar ferðamálaráðs

Fundur haldinn í menningar- og viðskiptaráðuneyti, 11. september 2023, kl. 13:00

Mætt: Sigrún Elsa Smáradóttir formaður (tilnefnd af MVF), Ingvi Már Pálsson (MVF), Páll S. Brynjarsson (SAF), Arnar Már Ólafsson (FMS), Bjarnheiður Hallsdóttir (SAF), Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir (tilnefnd af FJR) og Hafdís Huld Björnsdóttir framkvæmdastjóri RATA (gestur).

Í fjarfundi: Þórdís Lóa Þórhallsdóttir (SÍS).

Höfðu boðað forföll: Arnheiður Jóhannsdóttir varaformaður (tilnefnd af MVF), Jóhannes Þór Skúlason (SAF) og Sigtryggur Magnason (IRN).

Fjarverandi: Steinar Ingi Kolbeinsson (URN).

Formaður bauð alla velkomna og hóf fundinn á að útskýra af hverju fundir hafa ekki verið haldnir samkvæmt áætlaðri dagskrá. Ástæðan er vinna við aðgerðaráætlun ferðaþjónustunnar sem fór í gang í byrjun árs og er enn í gangi. Formaður vildi fá á hreint aðkomu ráðsins varðandi þessa vinnu og taldi ástæðulaust að verið væri að ræða sömu eða svipuð mál á báðum stöðum. Því var ákveðið að fresta fundum þar til vinnan væri lengra komin og aðkoma ráðsins skýrari.

Kynning:

1. Ingvi Már Pálsson (MVF) og Hafdís Huld Björnsdóttir frá RATA fóru yfir stöðu mála varðandi aðgerðaráætlun við stefnumótun stjórnvalda fyrir ferðaþjónustuna til 2030.
 - Áhersla er á sjálfbærni á öllum sviðum, samkeppnishæfni og ávinning.
 - Búið er að mynda 7 starfshópa með mismunandi þema (yfirheiti). Hóparnir eru mislangt á veg komnir í sinni vinnu.
 - Starfshópunum ber að hafa víðtækt samráð við ferðaþjónustuna og aðra hagaðila með t.d. umræðu- og kynningarfundum.
 - Þann 15. október n.k. eiga starfshóparnir að skila inn fyrstu drögum að aðgerðum.
 - Áætlað er að hver hópur komi sér saman um 3-5 aðgerðir.
 - Lokatillögur, sem verða afhentar stýrihópi verkefnisins, skulu tilbúnar í síðasta lagi 15. desember n.k.
 - Tillögurnar fara í opna samráðsgátt stjórnvalda.
 - Stýrihópur samræmir aðgerðir og útbýr aðgerðaráætlun til ráðherra sem leggur þær síðan fyrir þingið.
 - Búið er að setja í loftið sérstaka upplýsingasíðu um verkefnið þar sem m.a. er hægt að senda inn tillögur og ábendingar inn í hvern hóp varðandi þessa vinnu.

Umræður í kjölfar kynningar:

- I. Mikilvægt að fjármagn verði tryggt til að fylgja eftir þessum aðgerðum.
- II. Umræða um skemmtiferðaskipin er hávær og snertir í raun alla hópana með einum eða öðrum hætti. Hamlandi er hversu lítið er til af gögnum um þessa tegund ferðaþjónustunnar. Umræðan byggir meira á tilfinningu og hvað fólk finnst almennt frekar en staðreyndum og áreiðanlegum gögnum.
- III. Á áfangastaða- og markaðssviði Sambands sveitarfélaga á Vesturlandi er í vinnslu verkefni sem ber yfirskriftina „Móttaka skemmtiferðaskipa og skipafarþega á Snæfellsnesi“. Verkefnið snýr

að gerð staðbundinna leiðbeininga fyrir skemmtiferðaskip og skipafarþega á Snæfellsnesi og er markmiðið að stilla saman strengi og leggja línurnar um hvernig heimafólk á Snæfellsnesi vill taka á móti farþegum skemmtiferðaskipa sem heimsækja svæðið, þannig að einstaka staðir verði ekki fyrir of miklu álagi, gestirnir njóti heimsóknarinnar og samfélagið njóti ávinnings af gestamóttökunni. Hægt að skoða nánar [hér](#).

- IV. RATA spurði um aðkomu ferðamálaráðs að þessari vinnu sem nú er í gangi innan starfshópanna í sambandi við aðgerðaráætlunina.
 - Ferðamálaráð á að vera ráðherra til ráðgjafar og því eðlilegt að ráðið fái að fylgjast með þessari vinnu og fái góða heildarsýn á verkefnið. Formaður ferðamálaráðs á sæti í stýrihópi verkefnisins og er þar með fulltrúi ráðsins.
 - I. Rætt var að mikilvægt væri að leggja drög að tillögum fyrir ferðamálaráð hvort sem það væri fyrir 15. október eða 15. desember. Mikið „know how“ er í ráðinu.
 - II. Lagt var til að ferðamálaráð fengi að líta á aðgerðirnar áður en þær yrðu settar í samráðsgátt. Formaður óskaði eftir að drög eða yfirlit yrði lagt fyrir ráðið fyrir 15. október. Mikilvægt að ekki verði horft framhjá ferðamálaráði í þessu sambandi.
 - III. Stýrihópur verkefnisins kemur saman eftir nokkra daga og þá verður þetta rætt. RATA skoðar útfærsluna og Ingvi og Hafdís hafa samband þegar ákvörðun hefur verið tekin.
 - IV. Fram kom sú hugmynd að samhliða þessum stærri aðgerðum yrði ferðapjónustuaðilum og öðrum hagaðilum gefinn kostur á að vinna lista yfir minni og jafnvel ódýrari og einfaldari framkvæmdir (verkefni) sem þarf að ráðast í, t.d. í hverjum landshluta fyrir sig. Þessi listi yrði hafður til hliðar við aðgerðaráætlunina. Að vinna slíkan lista myndi auka enn frekar verðmæti þessarar vinnu sem er í gangi núna.
Vel var tekið í þessa hugmynd af fundarmönnum og hvatt til að fundinn yrði farvegur fyrir minni aðgerðir í þessari vinnu.
 - V. Spurt var um tengsl áfangastaðaáætlana við þessa stefnumótunarvinnu sem nú er í gangi. Mikilvægt er að það sé samhljómur og að þetta tengist allt saman í eina stóra heildarmynd.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:00

Næsti fundur fyrirhugaður eftir 15. október.

Fundargerð ritaði Alda Þrastardóttir (FMS)